

Mætt til fundar Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Þorvarður Ingimarsson, Jóhann F. Þórhallsson og Magnhildur Björnsdóttir 1 varamaður í fjarveru Lárusar Heiðarssonar. Einnig voru mætt Sigurður Pálsson endurskoðandi og Unnur Inga Dagsdóttir bókhaldari.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2010, síðari umræða**
2. **Furður Fljótsdals**
3. **Endurútgáfa Fljótsdælsbæklings**
Bréf Helga Hallgrímssonar dags. 07.06
4. **Húsnæði félagsaðstöðu eldri borgara**
 - a) Bréf Fljótsdalshéraðs dags. 14.06
 - b) Kaupsamningur vegna eignarhluts Miðvangi 6
5. **Umhverfisframkvæmdir við Laugarfellsskála**
6. **Áætlunarferðir frá Egilsstöðum í Végarð**
 - a) Fundargerð samstarfshóps 14.06
 - b) Drög að samkomulagi
 - c) Tímatafla og verð áætlanuferða
7. **Félagþjónusta Fljótsdalshéraðs**
 - a) Reglur um félagslega heimaþjónustu
 - b) Reglur um félagslega liðveislu hjá félagþjónustu
 - c) Reglur um fjárhagsaðstoð hjá félagþjónustu
8. **Vörður Vatnajökulþjóðgarðs**
9. **Póstkort**
10. **Heimreið Víðivallagerði, breytt lega**
11. **Hús við Laugarfell, ósk um leyfi til flutnings og niðurstættningar**
12. **Bréf**
 - a) Umhverfisráðuneytið dags. 03.06
 - b) Umhverfisráðuneytið dags. 31.05
13. **Umhverfisstyrkir**
 - a) Þorsteinn Pétursson, Víðivallagerði
14. **Fjárbeiðnir**
 - a) ÚÍA/ Snæfell
 - b) Þjóðahátíð Austfirðinga
 - c) Framfarafélag Fljótsdalshéraðs
 - d) Tanni Travel
15. **Fundargerðir**
 - a) Austfirsk eining 14.06, ásamt skýrslu Þróunarfélags Austurlands
 - b) Stjórn SSA 01.06
 - c) HAUST 08.06
 - d) Byggingarnefnd 20.06
16. **Önnur mál**

1. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2010, síðari umræða

Sigurður fór yfir reikninginn með sveitarstjórn, ræddi ýmsar niðurstöður hans og úrskýrði endurskoðunaratriði. Eftir umræður bar oddviti upp ársreikninginn og var hann samþykktur samhljóða og undirritaður. Helstu niðurstöðutölur (í þús kr):
Rekstartekjur A og B hluta 139.238,-

Rekstargjöld A og B hluta	121.455,-
Afskriftir A og B hluta	15.734,-
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	20.112,-
Rekstrarniðurstaða	22.162,-
Eignir samtals	896.333,-
Skuldir og skuldbindingar samtals	74.447,-
Handbært fé í árslok	320.436,-

Jóhann yfirgaf fundinn um kl. 15.30 vegna viðburðar í Snæfellsstofu, en var mættur aftur til fundar um kl. 17.00

Halldóra Tómasdóttir mætti til fundar undir þennan lið.

2. **Furður Fljótsdals.** Halldóra Tómasdóttir kynnti borðspil sem hún er að hanna og er unnið með styrk úr Verkefna og-rannsóknasjóði Fljótsdalshrepps og Landsbankans. Spilið byggir á minjum og sögnum úr Fljótsdal. Halldóra mun vinna áfram með spilið áður en ákvörðun verður tekin um útgáfu.

Halldóra fór af fundi.

3. Endurútgáfa Fljótsdælsbæklings

Bréf Helga Hallgrímssonar dags. 07.06. Kynnt. Varðar endurútgáfu á ritit um Fljótsdal. Samþykkt að fá Helga til fundar um útgáfuna.

4. Húsnæði félagsaðstöðu eldri borgara

- a) Bréf Fljótsdalshéraðs dags. 14.06. Svar við bréfi Fljótsdalshrepps um rekstur húsnæðisins. Fljótsdalshérað er tilbúið til þess að taka að sér almennan rekstur á húsnæðinu frá og með næstu áramótum.
- b) Kaupsamningur vegna eignarhluts Miðvangi 6. Samþykkt að fela oddvita að skrifa undir kaupsamning og önnur skjöl sem varða kaupin á húsnæðinu. Kaupverð er kr. 14.616.000,- og verður fjármagn til kaupanna tekið af óráðstöfuðu eigin fé sveitarfélagsins. Stefnt er að fundi með fulltrúum Fljótsdalshéraðs og félagi eldri borgara um húsnæðið og rekstur þess. Fasteignin verður afhent á byggingarstigi 5, þannig að húsnæðið er ekki fullklárað og nokkuð er eftir svo hægt verði að taka það í notkun.

5. Umhverfisframkvæmdir við Laugarfellsskála.

Þrjú tilboð bárust og voru opnuð kl. 13.00 að viðstöddum byggingarfulltrúa og fulltrúum tveggja fyrirtækja er buðu í verkið. Einnig var hluti sveitarstjórnarmanna viðstaddur opnun. Eftirfarandi eru niðurstöður tilboða og kostnaðaráætlun Hornsteina og Verkís.

Bjóðandi	Upphæð	Af áætlun
Íslandsgarðar ehf	49.995.000	198,6%
Héraðsfjörður og Gæðaverk	49.438.500	196,4%
Timburmenn ehf	36.082.970	143,4%
Kostnaðaráætlun	25.168.791	

Oddvita var falið að kalla eftir gögnum um fjárhagsstöðu lægsbjóðanda. Sveitarstjórn mun koma saman til fundar þegar frekari gögn hafa borist og yfirferð tilboða og kostnaðaráætlunar er lokið. Stefnt er að því að sá fundur verði í næstu viku.

6. Áætlunarferðir frá Egilsstöðum í Végarð

- a) Fundargerð samstarfshóps 14.06. Kynnt.
- b) Drög að samkomulagi. Oddvita falið f.h. sveitarfélagsins að skrifa undir samkomulag sem fyrir liggur um ferðirnar.
- c) Tímatafla og verð áætlanafærða. Ferðir hefjast 29.06 og verða farnar þrjár ferðir daglega til 03.08. Stoppistöðvar í Fljótsdal verða við Hengifoss, Skriðuklaustur og Végarð. Fyrsta ferð frá Végarði fer kl. 8:15 og sú síðasta kl. 16:15. Stoppistöð á Egilsstöðum er við Upplýsingarmiðstöð og stoppistöð við bensínstöð á Hallormsstað. Verði ferðanna er stillt í hóf og eru íbúar hvattir til að nýta sér þennan fararmöguleika.

7. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs

- a) Reglur um félagslega heimaþjónustu. Samþykkt.
- b) Reglur um félagslega liðveislu hjá félagsþjónustu. Samþykkt.
- c) Reglur um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu. Samþykkt.

8. Vörður Vatnajökulsþjóðgarðs. Erindi frá Agnesi Brá Birgisdóttir þjóðgarðsverði vegna leyfisskyldu og uppsetningu á vörðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Meðfylgjandi eru teikningar og myndir sem sýna manngerðar vörður sem eru 2.5m á hæð og 12 tonn að þyngd. Fyrirhuguð staðsetning varðanna sem eru þrjár að tölu, er skammt norðan við Laugarfell, sitt hvoru megin vegar. Staðsetning er utan þjóðgarðsmarka. Byggingarnefnd hefur fjallað um málið og telur vörðurnar vart byggingarleyfisskyldar. Samkvæmt upplýsingum frá þjóðgarðsverði hafa vörðurnar þegar verið settar upp og afhjúpaðar með viðhöfn. Sveitastjórn telur að heppilegra að vörðurnar væru staðsettar á þjóðgarðsmörkum en ekki utan þeirra.

9. Póstkort. Kynntar hugmyndir að myndum úr Fljótsdal á póstkort, mál sem er í vinnslu.

10. Heimreið Víðivallagerði, breytt lega. Þorsteinn Pétursson óskar eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir breyttri legu heimreiðar. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti staðsetningu sem sýnd er á skv. meðfylgjandi korti. Sveitarstjórn vísar endanlegri ákvörðun um legu til landeiganda og Vegagerðar.

11. Hús við Laugarfell, ósk um leyfi til flutnings og niðursetningar. Jón Þór Þorvarðarson óskar eftir leyfi sveitarstjórnar til þess að flytja kofa við Laugarfell og setja þá niður á Múla þar sem gömlu Múlabúðir stóðu, til afnnota fyrir gangna- og veiðimenn. Skv. aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir skála á þessum stað og óljóst um eignarhald og ástand húsanna. Oddvita falið að fá byggingarfulltrúa til að meta ástand húsanna, en ljóst er að húsin verða að víkja af núverandi stað í sumar.

12. Bréf

- a) Umhverfisráðuneytið dags. 03.06. Varðar gerð nýrrar reglugerðar um framkvæmdarleyfi. Umsagnarfrestur er til 15. ágúst.
- b) Umhverfisráðuneytið dags. 31.05. Varðar gerð nýrrar byggingarreglugerðar. Umsagnarfrestur er til 15. ágúst.

13. Umhverfisstyrkir

- a) Þorsteinn Pétursson, Víðivallagerði. Samþykktur hámarksstyrkur.

14. Fjárbeiðnir

- a) ÚÍA/ Snæfell. Samþykkt að kaupa styrktrarlogo kr. 12.000-
- b) Þjóðahátíð Austfirðinga. Samþykktur styrkur kr. 20.000-
- c) Framfarafélag Fljótsdalshéraðs. Samþykktur styrkur kr. 10.000-
- d) Tanni Travel. Verður skoðað frekar þegar meiri upplýsingar liggja fyrir.

15. Fundargerðir

- a) Austfirsk eining 14.06, ásamt skýrslu Þróunarfélags Austurlands. Kynnt.
- b) Stjórn SSA 01.06. Kynnt.
- c) HAUST 08.06. Kynnt.
- d) Byggingarnefnd 20.06. Fundargerðin er staðfest. Oddvita og byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi Önnu Bryndísar og Hallgríms á Skriðuklaustri þegar nægjanleg gögn liggja fyrir.

16. Önnur mál.

- a) Jóhann spurði um framkvæmdir við strenglagnir í Suðurdal. Oddviti upplýsti að von væri á að verktakinn héldi áfram með framkvæmdir á næstu dögum.
- b) Jóhann spurði um stöðu leyfa vegna framkvæmda í Fjallaskarði. Fjallaskarð er þjóðlenda og eins og áður hefur komið fram hefur forsætisráðuneytinu verið send beiddni um leyfi til framkvæmda. Til stendur að oddviti fari til fundar í ráðuneytið ásamt lögfræðingi sveitarfélagsins til þess að fylgja málinu eftir og ræða önnur mál sem tengjast nýtingu á þjóðlendum í sveitarfélaginu.

Oddviti óskaði eftir að fá að taka fyrir síðbúið erindi er varðaði styrkbeiðni. Það var samþykkt.

- c) Lára Vilbergsdóttir og Sigríður Björnsdóttir óska eftir að Fljótsdalshreppur styrki vörubrúnaarverkefni um Arnheiðarstaðavöttinn. Í erindi þeirra kemur fram að vötturinn sé í framleiðslu og stefnt að því að hann fari í sölu í sumar. Þá sé verið að undirbúa stofnun handverksfélags í Fljótsdal. Óskað er eftir 500.000,- kr. styrk. Samþykkt að styrkja framleiðslu vattarins um kr. 250.000,-. Sveitarstjórn útilokar ekki að um frekari styrk verði að ræða þegar félagið verður komið á legg.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.45

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)